

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, dreifbýlishluta, Lárvaðall.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. júlí 2011 breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, dreifbýlishluta, sem samþykkt var í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 14. júní 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 23. júní 2011.

Breytingin tekur til stækkunar frístundabyggðarsvæðisins F3 í landi Mýrarhúsa, Króks, Láar og Lárkots úr 26 ha í 32,5 ha. Gert er ráð fyrir allt að 16 húsum á öllu svæðinu í stað 8 húsa samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. júlí 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. júlí 2011